



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um milligöngu velferðarsviðs vegna leigusamninga á almennum markaði**

*Þann 20. september 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um milligöngu velferðarsviðs vegna leigusamninga á almennum markaði:*

*Flokkur fólksins spyr hvort það sé algengt að velferðarsvið hafi milligöngu um leigusamninga á almennum markaði, velji leigjendur og gangist í ábyrgð fyrir leigjendur? Ef svo er, ber þá velferðarsvið ekki ábyrgð á því að samningar standi? Fulltrúi Flokks fólksins óskar þessara upplýsinga vegna fréttar þar sem sagt er frá vandræðum einstaklings með að endurheimta húsnæði sitt. Eigandi íbúðar hafði sett sig í samband við velferðarsvið og boðið íbúðina sína til leigu þar sem viðkomandi yrði fjarverandi um tíma. Gerður var leigusamningur með aðstoð velferðarsviðs. Velferðarsvið valdi leigjendur og gekkst að auki í fjárhagslega ábyrgð fyrir þá. Þegar eigandi íbúðarinnar þurfti að fá íbúðina til baka þá var það ekki hægt þar sem velferðarsviði tókst ekki að finna leigjendunum nýtt húsnæði. Enginn virðist bera ábyrgð og eigandi íbúðarinnar húsnæðislaus. Fulltrúi Flokks fólksins óskar einnig upplýsinga um hvort þetta mál sé leyst.*

**Svar:**

Einstaklingar sem hafa stöðu flóttafólks í Reykjavík fá ráðgjöf og stuðning frá velferðarsviði. Það er samkvæmt samningi sem Reykjavíkurborg hefur gert við ríkið um samræmda móttöku flóttafólks. Það er hluti af samningnum að aðstoða fólk við að leita sér að húsnæði. Fólk fær líka ýmiss konar aðstoð sem því tengist, til dæmis við að eiga í samskiptum við leigusala.

Þegar flóttafólk gerir samning um leigu húsnæðis á almennum markaði gilda um þá samninga sömu reglur og um aðra húsaleigusamninga á almennum leigumarkaði, samkvæmt húsaleigulögum. Reykjavíkurborg er ekki aðili að slíkum leigusamningum og hefur því ekki heimild til að hafa afskipti af slíkum samningum.

Einstaklingar sem búa við félagslega erfiðleika eða húsnæðisvanda geta átt rétt á ábyrgðaryfirlýsingu frá Reykjavíkurborg en í henni felst að Reykjavíkurborg ábyrgist að greiða vanskil húsaleigu, að því marki sem tryggingin segir til um.